

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams þann 18. janúar, 2022 kl. 14:00-15:00

Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Markmið fundar/Dagskrá

1. Fara yfir drög að hagsmunaaðilagreiningu
 - Þegar hópurinn hefur samþykkt greininguna fer hún á heimasvæði áætlunarinnar og í kjölfarið verður upplýsingapóstur sendur á alla hagsmunaaðila til upplýsingar um að búið sé að birta greininguna. Farið verður yfir mögulega fundartíma fyrir sérstaka fundi, önnur mál.
2. Ræða mögulega fundartíma fyrir sértaka fundi.
3. Önnur mál.

Þórdís og Edda fóru yfir hagsmunaaðilagreininguna saman með hópnum. Rætt var mikilvægi þess að halda sérstakan fund með hjólreiðamönnum til að fá upplýsingar frá þeim um það hvernig þeir nýta svæðið, eins var rætt að funda sérstaklega með landeigendum sem nýlja Látrabjarg til eggjatöku.

Samstarfshópur samþykkti hagsmunaaðilagreiningu til birtingar á heimasvæði áætlunarinnar.

Ákveðið var að stefna á sérstaka fundi skv. hagsmunaaðilagreiningu í byrjun febrúar 2022.

Ákveðið var að halda opinn kynningarfund fyrir íbúa þegar áætlunin fer í kynningarferli.

Önnur mál

Rætt var að setja í árlegar aðgerðir að senda upplýsingapóst til skemmtiferðaskipa og þyrlufyrirtækja um þær reglur sem gilda innan hins friðlýsa svæðis.

Næstu skref:

- 1) *Stefnt á sérstaka fundi skv. hagsmunaaðilagreiningu í byrjun febrúar 2022.*
 - Þórdís ber ábyrgð á að senda út fundarboð á hjólreiðarmenn.
 - Jón og Aðalheiður bera ábyrgð á að senda út fundarboð á landeigendum sem nýlja svæðið.
- 2) *Edda og Þórdís vinna að 1. og 2. kafla sem verða tilbúnir fyrir næsta fund samstarfshóps 8. febrúar.*